

**Nd.** **141. Frumvarp til laga** [136. mál]

um breyting á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn greiðist með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

2. gr.

Á eftir orðinu „skólar“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi: heimavistir, þar með taldir stúdentagarðar og hjónagarðar.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 43. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Heimilt er í lok hvers árs að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól skuldar.

4. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða IV komi nýtt bráðabirgðaákvæði, nr. V, er hljóðar svo:

Á árinu 1983 skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. 1. nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga miða fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi við 92,7% fasteignamats þessara eigna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Um 1. gr.

Ákvæði 4. mgr. 4. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga kveður á um að gjalddagi fasteignaskatts sé 15. janúar. Þó er sveitarstjórn heimilt að ákveða að skatturinn greiðist að hálfu þá og að hálfu síðar á árinu. Í framkvæmd hefur þetta þó verið þannig að gjalddagar fasteignaskatta hjá flestum sveitarfélögum hafa þrátt fyrir nefnt lagaákvæði verið ákveðnir fleiri en tveir. Í Reykjavík hafa þeir t. d. verið þrír og í sumum sveitarfélögum jafnvel fleiri. Í ljósi þessarar staðreyndar er lagt til með frumvarpi þessu að heimild til ákvarðana sem þessara verði staðfest með lögum. Breytingin mun m. a. leiða til þess að hægt verður að samræma gjalddaga fasteignaskatts og annarra opinberra gjalda þyki slíkt henta. Má í þessu sambandi nefna að gjalddagi útsvars og þinggjalda er 1. dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí. Samræming af þessu tagi hlýtur í flestum tilvikum að leiða til tímasparnaðar, því í kjölfar hennar er hægt að samrýma reglur er lúta að innheimtu opinberra gjalda. Einkum á þetta við í þeim sveitarfélögum þar sem innheimta sveitar-sjóðsgjalda og þinggjalda er sameiginleg, þ. e. í Reykjavík og Seltjarnarnesi. Auk þess má ætla að samræming af þessu tagi mundi spara gjaldendum sporin vegna greiðslu opinberra gjalda.

### Um 2. gr.

Þótt orðið skóli sé í mæltu máli oft látið ná til heimavista, sem lengi hafa tíðkast við skólastofnanir hér á landi, ekki síður en til kennsluhúsnæðisins sjálfs, þykir rétt að kveða sérstaklega á um að heimavistir, stúdentagarðar og hjónagarðar verði undanþegnir fasteignaskatti jafnhliða öðrum þeim stofnunum sem upp eru taldar í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Lagaákvæði þetta er bersýnilega sett til þess að léttu undir með stofnunum, sem reknar eru í almannaþágu.

Í framkvæmd hafa heimavistir og stúdentagarðar notið góðs af undantekningarákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna, en hjónagarðarnir ekki. Ekki verður séð frambærileg ástæða til að gera þannig greinarmun á hjónagörðum annars vegar og heimavistum og stúdentagörðum hins vegar. Allar þessar stofnanir, hvort sem þær eru til húsa í skólahúsunum sjálfum eða í sérstökum húsum, eru settar á fót í þágu þeirra nemenda sem skólana sækja. Það skiptir ekki máli að hjónagarðarnir eru í eigu Félagsstofnunar stúdenta, sem starfar með sérstökum hætti og eftir sérstökum lögum, þar sem þeir eru reknir með sama hætti og aðrar heimavistir við íslenska skóla.

### Um 3. gr.

Í 1. mgr. 45. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga er ákvæði um dráttarvexti af gjöldum skv. þeim lögum, þ. e. um skyldu til að greiða dráttarvexti af gjöldum, sem ekki eru greidd innan mánaðar frá gjalddaga, og um upphæð dráttarvaxta, að hún skuli á hverjum tíma vera sú sama og hjá lánastofnunum.

Í tekjustofnalögum eða öðrum lögum voru hins vegar engin ákvæði um vaxtavexti, þ. e. hvornig reikna skyldi slíka vexti. Árum saman hefur sú verklagsregla verið hjá sveitarfélögum, að ógreiddum dráttarvöxtum hefur í árslok verið bætt við höfuðstól skuldar. Þessi regla hefur verið auðveld í framkvæmd og auðskiljanleg öllum, sem hlut eiga að máli.

Tilgangur þessa frumvarps er að lögfesta framangreinda reglu og skapa þar með ótvíræða lagaheimild fyrir þeirri framkvæmd, sem tíðkast hefur árum saman og talin sjálfsögð, þótt beina lagaheimild hafi skort.

Með auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1981, II., 6) a) var lögfest sú regla um vaxtavexti hjá innlánsstofnunum, að þeir reiknist ekki nema vanskil hafi staðið lengur en 12 mánuði samfleytt og ekki oftár en á 12 mánaða fresti. Þessi regla kann að vera edlileg hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, en væri illfrankvæmanleg hjá sveitarfélögum, ekki síst þeim litlu, sem ekki hafa á að skipa föstu starfslíði og/eða tölvubúnaði til slíks útreknings.

Um 4. gr.

Samkvæmt auglýsingu um nýtt fasteignamat er tekur gildi frá og með 1. desember 1982 hækkar matsverð fasteigna almennt um 65%. Matsverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkar hins vegar um 78%. Þessi hækkun fasteignamats er langt umfram almennar tekjubreytingar milli ára og því einsýnt að óbreyttar álagningarheimildir varðandi fasteignaskatt myndu leiða til óhæfilegrar gjaldtöku sem væri erfið greiðslugetu almennings á höfuðborgarsvæðinu. Frumvarpi þessu er ætlað að koma í veg fyrir þetta.

Lækkun stofns til útreiknings fasteignagjalda er bundin við þau sveitarfélög og þær tegundir fasteigna sem hækka að fasteignamati umfram hina almennu hækkun. Með því að miða við 92,7% af fasteignamati sem hækkað hefur verið með stuðlinum 1,78% næst samþærilegur álagningargrunnur og vera myndi ef fasteignamat hefði hækkað um 65% að því er þessar eignir varðar. Þar sem talað er um fasteignamat íbúðarhúsnæðis í lögum þessum, er einungis átt við mat á mannvirkjum en ekki lóðum.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.